

**157. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
6. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólakennara, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2101286 - Innritun í leikskóla 2021

Beiðni Akrasels um aukin aðbúnað vegna inntöku yngri barna haustið 2021.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasvið að kostnaðarmeta verkefnið frekar og vísar afgreiðslu til næsta fundar.

Salbjörg Ósk og Ragnheiður Ásta víkja af fundi.

2. 2003147 - Covid-19 staðan á skóla- og frístundasviði

Staðan í leikskólum vegna hertrar aðgerðar vegna Covid- 19. Leikskólastjórar funda með skóla- og frístundaráði.

Anney situr áfram undir þessum lið. Leikskólastjórnir Ingunn Ríkharðsdóttir, Björg Jónsdóttir og Margrét Þóra Jónsdóttir koma inn á fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum fyrir góða umræðu um stöðu leikskólans á Covid tímum.

Anney, Ingunn, Björg og Margrét Þóra víkja af fundi.

3. 2102026 - Starf verkefnastjóra í samþættri þjónustu og barnvæns sveitarfélags

Ráðning verkefnastjóra kynnt.

4. 2005059 - Barnvænt sveitarfélag- sveitarfélag með réttindi barna að leiðarljósi

Tillaga um stofnun stýrihóps vegna innleiðingar á verkefninu Barnvænt sveitarfélag hjá Akraneskaupstað.

Lagt fram og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að undirbúa erindisbréf í samvinnu við sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs.

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.
Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.